

**BORGARRÁÐ 13. júní 2024: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um**

**Klapp - MSS24060062**

Óskað er eftir sundurliðaðri greinargerð um kostnað við Klapp-greiðslukerfið. Upplýsingarnar verði sundurliðaðar eftir aðilum og árum og nái yfir allan kostnað Strætó bs. við fjárfestingu og rekstur kerfisins frá upphafi og til þess tíma er fyrirspurninni verður svarað. Gerð verði grein fyrir greiðslum fyrirtækisins til allra aðila, innlendra sem erlendra, í tengslum við verkefnið, sem og kostnaði sem skráður hefur verið innan Strætó bs. vegna þess.

Nýtt greiðslukerfi fyrir Strætó var boðið út árið 2019. Kostnaðaráætlun vegna fyrsta fasa var um 330 m.kr. Fjögur fyrirtæki buðu lausnir og var ákveðið að ganga til samninga við FARA A/S, sem er norskt félag. Innleiðing og undirbúningur tók um 1 ár og var fyrsti fasi nýja greiðslukerfisins tekin í notkun í nóvember 2021. Annar fasi, sem var að hægt væri að greiða með snertilausum greiðslum, var síðan tekinn í notkun undir lok árs 2024. Kostnaðaráætlun vegna fasa 2 var um 50 m.kr.

Árið 2020 voru greiðslur um 150 m.kr.

Árið 2021 voru greiðslur um 160 m.kr.

Árið 2022 til 2024 voru greiðslur um 90 m.kr.

Heildarfjárfesting og greiðslur til FARA er til dagsins í dag um 315 m.kr. og til Stokks um 90 m.kr., en Stokkur forritaði Klapp-appið og ýmsar lausnir sem snúa að auðkenningu og endursölu (svo sem tengingar við þjóðskrá, stúdentaskrá (INNA fyrir framhaldsskóla og ýmis kerfi fyrir háskóla), Tryggingastofnun og fleira auk endursöluvirkni fyrir fyrirtæki og stofnanir). Heildarfjárfesting fyrir fasa 1 og 2 eru því um 405 m.kr.. Frávik skýrast af kröfum um bætta virkni og einfaldara notendaviðmót og þá helst í appinu.

Ráðinn var sérstakur verkefnastjóri í verkið og var kostnaður við hann um 23,5 m.kr.

Vinna starfsmanna Strætó við innleiðingu var ekki sérstaklega eignfærð né haldið utan um.

Árlegur rekstrarkostnaður þ.e. greiðslur til FARA er skv. þjónustusamning um 25mkr og Stokks um 19mkr., en inni í þeirri tölu eru líka önnur verkefni sem Stokkur leysir af hendi fyrir Strætó.

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó